

## Húsvörður

Stjórn Húsfélagsins Strikið 2 – 12 auglýsir eftir húsverði.

### Helstu verkefni:

- Ræsting sameignar
- Umsjón og eftirlit með sameign og minni háttar lagfærigar
- Hirðing lóðar
- Eftirlit með viðhaldsframkvæmdum
- Aðstoð við íbúðaeigendur

Nánari upplýsingar veittar í síma 840 8280 kl. 9 – 17 virka daga.

Umsóknarfrestur er til 3. desember og skal umsóknum skilað til formanns húfstjórnar, Kristins Kristjánssonar, Strikinu 12, 210 Garðabæ.



SJÁVARÚTVEGS- OG  
LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

## Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið Lögfræðingur

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið auglýsir eftir lögfræðingi til starfa á auðlindaskrifstofu ráðuneytisins. Verkefni eru fjölbreytt en að stærstum hluta á sviði fiskveiðistjórnunar.

Starfið er bæði spennandi og krefjandi og leitað er eftir kraftmiklum og metnaðarfullum einstaklingi með góða menntun og samstarfshæfileika.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

Embættis- eða meistaraþróf í lögfræði.

Gott vald á íslensku máli og enskukunnátta ásamt hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.

Frumkvæði, vandvirkni, skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Starfsreynsla úr stjórnslu og þekking á fiskveiðilöggjöfinni æskileg.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Félags háskóla- menntaðra starfsmanna stjórnarráðsins og fjármálaráðherra. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar veitir Sigurgeir Þorgeirsson, ráðuneytisstjóri, í síma 545 8300.

Umsóknir er hafi að geyma upplýsingar um menntun, fyrri störf, meðmælendur og annað er máli skiptir, sendist bréflega til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, Skúlagötu 4, 150 Reykjavík eða í tölvupósti á postur@slr.stjr.is eigi síðar en 6. desember 2010.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

19. nóvember 2010

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið.



## Borgun leitar að hugbúnaðarsérfræðingi

Við leitum að reyndum einstaklingi til starfa á Upplýsingatæknisviði Borgunar. Starfið felur í sér hugbúnaðarþróun vegna helstu viðskiptalausna félagsins.

### Helstu verkefni:

- Þróun hugbúnaðar vegna uppgjöra fyrir fyrirtæki, kortaútgefendur og alþjóðleg kortafélög
- Hugbúnaðarþróun vegna annarra lausna félagsins
- Þarfagreining og innleiðing vegna aðkeypra lausna
- Notenda- og rekstraraðstoð á vegum Hugbúnaðarþróunar

### Menntun og hæfniskröfur:

- Háskólaþróf í tölvunarfræði, kerfisfræði eða sambærilegu
- Góðir hæfileikar í mannlegum samskiptum
- Þekking á iSeries umhverfi, RPG forritun, Windows forritun og SQL
- Þekking á bókhalds- og uppgjörsmálum er kostur
- Víðtæk og fjölbreytt reynsla er kostur

Nánari upplýsingar um störf veitir Anna Rut Práinsdóttir starfsmannastjóri (art@borgun.is) í síma 560 1579. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu okkar [www.borgun.is](http://www.borgun.is). Umsóknarfrestur er til og með 28. nóvember næstkomandi.

Borgun er framsækið fjármálafyrirtæki sem hefur sérhæft sig í öruggri greiðslumiðlun í 30 ár. Starfsemi má skipta í tvö meginsvið, Fyrirtækjaþjónustu sem býður fyrirtækjum heildarþjónustu í færsluhirðingu og Útgáfuþjónustu sem annast þjónustu og ráðgjöf við alla banka, sparisjóði og aðra kortaútgefendur vegna útgáfu greiðslukorta. Borgun þróar og rekur eitt mest krefjandi tölvakerfi landsins og til þess eru gerðar ítrustu uppátíma- og öryggiskröfur.



Ármúla 30 • 108 Reykjavík • Sími 560 1600 • [www.borgun.is](http://www.borgun.is)

**BORGUN**

AUÐVELDAR VIÐSKIPTI

JÓNSSON & LEVACKS • JÚLÍ • SÍA

### Capacent Ráðningar

## VIÐ VILJUM GOTT FÓLK!

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra.

Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

Starfsmenn Capacent starfa eftir ákveðnum verkferlum til að tryggja bæði gæði þjónustunnar og fagleg vinnubrögð.

Ráðgjafarnir búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.

Capacent Ráðningar  
Borgartúni 27  
Sími 540 1000

capacent

# STÖÐVARSTJÓRI AKUREYRI



**N1 óskar eftir að ráða stöðvarstjóra** til að annast daglegan rekstur og stjórnun þjónustustöðva **N1 á Akureyri**.

#### Helstu verkefni:

- Daglegur rekstur
- Verkstjórn og eftirlit
- Starfsmannamál
- Innkaup og samskipti við birgja
- Birgðastýring og kostnaðareftirlit
- Önnur verkefni á stöðinni

#### Hæfniskröfur:

- Haldgóð menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla á sviði verslunar og stjórnunar
- Rekstrarþekking
- Almenn tölvukunnátta
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Leiðtogahæfni og samskiptalipurð
- Jákvætt viðhorf og atorkusemi

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ómar Jóhannsson, rekstrarstjóri þjónustustöðva, í síma **440 1021**. Áhugasamir sendi umsóknir á netfangið: **atvinna@N1.is** fyrir **21. nóvember næstkomandi**.

**N1** er leiðandi verslunar- og þjónustufyrirtæki á sviði bílatengdrar starfsemi fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

SÍMI 440 1000  
WWW.N1.IS

## Starf sérfræðings hjá Umhverfisstofnun Surtsey

Hjá Umhverfisstofnun er laust til umsóknar starf sérfræðings um friðlandið Surtsey á deild náttúruverndar. Helstu verkefni sérfræðingsins eru dagleg umsjón með gestastofu í Vestmannaeyjum, umsjón með friðlandinu Surtsey og umsagnir og álitserðir í náttúruverndarmálum.

SJÁ NÁNARI  
UPPLÝSINGAR  
UM STARFIÐ,  
HÆFNISKRÖFUR  
OG UMSÓKNARFREST  
Á STARFATORG.IS

NJÓTUM UMHVERFISINS OG  
STÖNDUM VÖRD UM ÞAÐ SAMAN

UMHVERFISSTOFNUN  
Akureyri • Egilsstöðum • Surtsey • Húsavík  
Reykjavík • Suðurland • Vestmannaeyjar



## Áhættumat og eftirlitsáætlanir

**Matvælastofnun óskar eftir að ráða metnaðarfullan einstakling á Áhættumats- og gæðastjórnunarsvið til að starfa við áhættumat og eftirlitsáætlanir.**

#### Helstu verkefni:

- Mótun aðferða við áhættumat fyrir matvæli, fóður, heilbrigði og velferð búfjár.
- Verkstjórn áhættumats.
- Úrvinnsla áhættumats.
- Gerð landsbundinnar eftirlitsáætlunar til margra ára.
- Samantekt og skil árlegra eftirlits- og sýnatökuáætla.
- Samantekt og skil árlegra niðurstaðna eftirlits.
- Innri og ytri úttektir.
- Önnur verkefni.

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun í dýralæknisfræði, matvælafræði, líffræði eða önnur sambærileg háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Góð tölvukunnátta er skilyrði.
- Reynsla af verkefnastjórn æskileg.
- Skipulags- og samskiptahæfileikar.
- Góð enskukunnátta í töluðu og rituðu máli.
- Nákvæmni, frumkvæði og sjálfstæði í starfi.

Starfsmaður mun starfa á aðalskrifstofu Matvælastofnunar á Selfossi. Um fullt starf er að ræða og eru launakjör samkvæmt kjarasamningi opinberra starfsmanna.

Nánari upplýsingar um starfið veita Sigurborg Daðadóttir (sigurborg.dadadottir@mast.is) og Hafsteinn Jóh. Hannesson (hafsteinn.hannesson@mast.is) í síma 530 4800.

Umsóknnum ásamt ferilskrá og öðrum upplýsingum skal skilað til Matvælastofnunar, Austurvegi 64, 800 Selfoss, merktum „**Áhættumat**“ eða með tölvupósti á mast@mast.is. Umsóknarfrestur er til og með 30. nóvember 2010. Upplýsingar um Matvælastofnun má nálgast á **www.mast.is**



www.lyfja.is

## Lyfjafræðingar óskast til starfa fjarri skarkala borgarinnar

### Lyfja Blönduósi

**Lyfja hf.** leitar að metnaðarfullum og sjálfstæðum lyfjafræðingi til að veita lyfjaútibúi í flokki 1 á Blönduósi forstöðu. Hann mun m.a. bera faglega ábyrgð á rekstri lyfjabúðarinnar, annast daglegan rekstur og umsýslu og sjá til þess að unnið sé samkvæmt lögum og reglugerðum um lyfsöluleyfi.

Um er að ræða spennandi starf og tækifæri fyrir metnaðarfullan lyfjafræðing.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Í boði eru krefjandi störf á skemmtilegum vinnustöðum og gott vinnuumhverfi.

#### Umsækjendur skulu uppfylla eftirfarandi hæfniskröfur:

Háskólapróf í lyfjafræði og gilt starfsleyfi.

Stjórnunarhæfileikar, rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.

Áreiðanleiki, metnaður og skipulögð vinnubrögð.

Nánari upplýsingar veitir Hallur Guðjónsson, starfsmannastjóri, sími 530-3800 og hallur@lyfja.is

Umsóknarfrestur er til 1. desember og farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.

Í samræmi við jafnréttisáætlun Lyfju hf. eru karlar jafnt sem konur hvattir til þess að sækja um stöðu hjá fyrirtækinu.

### Lyfja Austurlandi

**Lyfja hf.** leitar að metnaðarfullum og sjálfstæðum lyfjafræðingi til starfa á Egilsstöðum og á Neskaupstað, með aðsetur á Egilsstöðum. Hann skal annast afgreiðslu lyfseðla auk þess sem hann veitir viðskiptavinum og starfsfólki faglega ráðgjöf.

Um er að ræða spennandi starf og tækifæri fyrir metnaðarfullan lyfjafræðing.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.



ÍSLENSKA SJÁLIS LYF 52308 11.2010

Við leitum að sjálfstæðu, skipulögðu og metnaðarfullu starfsfólki sem hefur áhuga á að ganga til liðs við framsækið og spennandi fyrirtæki.



BARNAVERNDARSTOFA



## STÖRF ÆRAPISTA Í MST

Barnaverndarstofa hefur starfrækt svokallaða fjölkerfameðferð (Multisystemic Therapy - MST) sem er gagnreynd meðferð með fjölskyldum unglínga með alvarlegan hegðunarvanda sem annars þyrftu vistun utan heimilis. MST miðar að því að efla foreldrahæfni og bæta samheldni og samskipti í fjölskyldu. Meðferðin fer fram á heimili fjölskyldunnar og í nærsamfélagi í samstarfi við skóla og aðra lykilaðila. Aðgengi er að ákveðnum meðferðaraðilum (þerapistum) í síma allan sólarhringinn.

Vegna stækkunar meðferðarteyma eru lausar til umsóknar 2 stöður þerapista. Umsækjendur skulu hafa lokið háskólaprófi á sviði heilbrigðis- eða félagsgreina og hafa góða faglega þekkingu og reynslu af meðferðarvinnu. Þerapistar starfa undir stjórn handleiðara/teymisstjóra eftir meðferðarreglum og aðferðum MST, í samstarfi við erlendan MST sérfræðing. Um er að ræða fullt starf. Nánari upplýsingar um störfín og ráðningarskilyrði er að finna á Starfatorgi ([www.starfatorg.is](http://www.starfatorg.is)).

Við úrvinnslu umsókna um störfín gildir mat Barnaverndarstofu á hæfni og eiginleikum umsækjenda. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum Barnaverndarstofu við viðkomandi stéttarfélag. Í byrjun fá starfsmenn 5 daga grunnþjálfun í MST og reglulega þjálfun í framhaldi.

Umsóknarfrestur er til 29. nóvember. Allar umsóknir gilda í sex mánuði frá lokum umsóknarfrests ef starf losnar að nýju. Nánari upplýsingar veitir á Barnaverndarstofu í síma 530 2600 ([www.bvs.is](http://www.bvs.is)). Umsóknnum má einnig skila rafrænt til [ingibjorg@bvs.is](mailto:ingibjorg@bvs.is).

## Matvælafyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða öflugan sölumann.

Starfið felur í sér samskipti við viðskiptavinum, öflun nýrra viðskiptasambanda og stjórnun þeirra í samstarfi við markaðsstjóra

### Hæfniskröfur

- Menntun sem matreiðslumaður
- Reynsla af sölu og markaðsstarfi
- Framúrskarandi samskiptahæfni
- Frumkvæði og vilji til að ná árangri
- Almenn góð tölvuþekking
- Góð þekking á ensku



Umsóknarfrestur rennur út þann 26. nóvember  
Umsóknir sendast til Fréttablaðsins að  
Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík  
eða rafrænt á [box@frett.is](mailto:box@frett.is)  
merktar Sölumaður -matvæli

ÍSLENSKA SÍALÍTS 52356 11/10



## TÆKNIPJÓNUSTA ICELANDAIR Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI ÓSKAR EFTIR AÐ RÁÐA STARFSMENN Í EFTIRTALIN STÖRF Á VERKFRÆÐIDEILD FÉLAGSINS

Við leitum að kraftmiklum einstaklingum í krefjandi störf í góðu starfsumhverfi þar sem öryggi, áreiðanleiki og hágæðavinnubrögð eru höfð að leiðarljósi, liðsmönnum með ríka þjónustulund sem hafa áhuga á að ná góðum árangri í starfi og hafa gaman af að vinna sem hluti af öflugri liðsheild.

### VERKFRÆÐINGUR/SÉRFRÆÐINGUR Í EFTIRLITI MEÐ BURÐARVIRKI OG INNRETTINGUM FLUGVÉLA (INTERIOR/STRUCTURES ENGINEER)

#### STARFSSVIÐ

- Eftirlit með viðhaldi burðarvirkis, innréttingum og lendingarbúnaði flugvéla
- Afgreiðsla lofthæfifyrirmæla og breytinga frá framleiðendum
- Verkfræðiaðstoð við viðhald flugvéla og viðvarandi lofthæfi
- Umsjón tæknigagna er snúa að viðvarandi lofthæfi flugvéla
- Fylgjast með og skrá þyngdar- og jafnvægisbreytingar
- Mat á skemmdum á flugvélum og skráning viðgerða
- Samskipti við framleiðendur flugvéla og ihluta
- Verkefnastjórnun og kostnaðareftirlit

#### HÆFNISKRÖFUR

- Próf í verkfræði þar sem áhersla er lögð á burðarvirki, t.d. flugvéla-, véla- eða byggingarverkfræði – einstaklingar með próf í tæknifræði koma einnig til greina sem og flugvirkjar með reynslu og áhuga á umræddu sviði
- Þekking og reynsla af viðhaldi flugvéla er kostur
- Mjög góð tölvukunnátta, þ.m.t. kunnátta á teikni- og textaforrit
- Góðir samskiptahæfileikar
- Frumkvæði og sjálfstæði

### VERKFRÆÐINGUR/SÉRFRÆÐINGUR Í EFTIRLITI MEÐ RAFKERFUM OG MÆLITÆKJUM FLUGVÉLA (AVIONICS ENGINEER):

#### STARFSSVIÐ

- Eftirlit með viðhaldi á rafkerfum flugvéla
- Afgreiðsla lofthæfifyrirmæla og breytinga frá framleiðendum
- Verkfræðiaðstoð við viðhald flugvéla og viðvarandi lofthæfi
- Umsjón tæknigagna er snúa að viðvarandi lofthæfi flugvéla
- Fylgjast með og skrá breytingar á álagi á rafkerfi flugvéla
- Samskipti við framleiðendur flugvéla og ihluta
- Verkefnastjórnun og kostnaðareftirlit

#### HÆFNISKRÖFUR

- Próf í rafmagnsverkfræði eða rafmagnstæknifræði – einstaklingar með próf í flugvéla- og rafkerfi flugvéla
- Þekking og reynsla af viðhaldi flugvéla er kostur
- Mjög góð tölvukunnátta, þ.m.t. kunnátta á teikni- og textaforrit
- Góðir samskiptahæfileikar
- Frumkvæði og sjálfstæði

Umsóknir ásamt ferilskrá óskast fylltar út á heimasíðu Icelandair, [www.icelandair.is/umsokn](http://www.icelandair.is/umsokn), eigi síðar en 25. nóvember 2010.  
Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf ekki síðar en 1. janúar 2011.

Nánari upplýsingar veitir Bragi Baldursson, sími 425 0123, [bragib@its.is](mailto:bragib@its.is)



### Capacent Ráðningar

## SPENNANDI STÖRF



Landsvirkjun

Landsvirkjun er eitt stærsta fyrirtæki landsins með efnahagsreikning upp á 4,8 milljarða dollara. Helstu viðskiptavinir hennar eru alþjóðleg fyrirtæki og breytingar á raforkumörkuðum skapa fyrirtækinu ný sóknarfæri. Framundan eru spennandi tímar í rekstri félagsins þar sem aukin áhersla er lögð á rekstur, markaðsmál og bættar arðsemi samhliða áframhaldandi uppbyggingu raforkuvinnslu. Hjá Landsvirkjun og dótturfélögum þess starfa rúmlega 300 manns með fjölbreytta menntun. Áhersla er lögð á jafnrétti og tækifæri til starfsþróunar.

Landsvirkjun óskar eftir að ráða viðskiptastjóra og sérfræðing til starfa á markaðs- og viðskiptaþróunarsviði fyrirtækisins. Hlutverk markaðs- og viðskiptaþróunarsviðs er að hámarka tekjur Landsvirkjunar sem í dag eru u.þ.b. 300 milljónir bandaríkjadala. Sviðið ber ábyrgð á að afla nýrra viðskiptavina t.d. með uppbyggingu tengsla við iðnfyrirtæki og rekstraraðila gagnavera. Í boði er fyrirmyndar starfsaðstaða og góður vinnuandi, metnaðarfullt og faglegt vinnuumhverfi og tækifæri til starfsþróunar.

### VIÐSKIPTASTJÓRI

#### Helstu verkefni

- Öflun nýrra viðskiptavina
- Greining nýrra viðskiptatækifæra
- Samskipti og samningar við nýja viðskiptavinum
- Tengiliður við starfsgreinar sem Landsvirkjun hefur áhuga á
- Þátttaka í stefnumótun á markaðs- og viðskiptaþróunarsviði
- Þátttaka í vali á nýjum viðskiptavinum

#### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af alþjóðlegu sölu- og markaðsstarfi
- Reynsla af greiningu markaða og viðskiptavina
- Reynsla úr starfsgreinum sem Landsvirkjun hefur áhuga á
- Þekking á raforkumarkaði kostur
- Reynsla af samningagerð
- Góðir samskiptahæfileikar, frumkvæði og seigla
- Mjög góð enskukunnátta
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti

Umsjón með störfunum hafa Auður Bjarnadóttir ([audur.bjarnadottir@capacent.is](mailto:audur.bjarnadottir@capacent.is)) og Hilmar G. Hjaltason ([hilmar.hjaltason@capacent.is](mailto:hilmar.hjaltason@capacent.is)) hjá Capacent Ráðningum.

Umsóknarfrestur er til og með 3. desember nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störf in á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is). Umsóknum eiga að fylgja itarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í störf in.

Capacent Ráðningar  
Borgartúni 27  
Sími 540 1000

capacent



## Bændablaðið – ritstjóri

Bændasamtök Íslands óska eftir að ráða ritstjóra að Bændablaðinu. Leitað er að einstaklingi sem hefur starfað á fjölmiðlum og hefur þekkingu á ritstjórn blaða. Ritstjóranum er einnig ætlað að ritstýra fréttavef Bændablaðsins, [www.bbl.is](http://www.bbl.is). Umsækjandi þarf að hafa metnað og áhuga á íslenskum landbúnaði.

Þekking og færni í umbrotsforritinu InDesign og myndvinnsluforritinu Photoshop er kostur.

Bændablaðið er málagn Bændasamtakanna og kemur út hálfsmánaðarlega í rösklega 22 þúsund eintökum. Blaðinu er dreift um allt land. Í því er fjallað um málefni bændastéttarinnar og hinna dreifðu byggða. Blaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands sem gegna fjölbættu hlutverki sem fagleg hagsmunasamtök allra bænda í landinu.

Umsóknarfrestur um starf ritstjóra er til 1. desember. Bent er á rafrænt umsóknareyðublað á vefnum [bondi.is](http://bondi.is) en einnig má senda umsóknir á netfangið [tb@bondi.is](mailto:tb@bondi.is).

Nánari upplýsingar gefur Tjörvi Bjarnason, sviðsstjóri útgáfu- og kynningarsviðs BÍ, í síma 563-0300 og í netfangið [tb@bondi.is](mailto:tb@bondi.is).

Bændasamtök Íslands – Bændahöllinni við Hagatorg – 107 Reykjavík – [www.bondi.is](http://www.bondi.is)



## Óskum eftir að ráða vanan blikksmið til að sinna þjónustu og viðhaldsverkum.,

Viðkomandi þarf að hafa: haldgóða þekkingu á virkni og stjórnúnaði loftræstikerfa ríka þjónustulund ásamt hæfni í mannlegum samskiptum.

Umsóknir sendist á [blikk@blikk.is](mailto:blikk@blikk.is)

**BLIKKSMIÐURINN**  
PEKING - FÆRNI - ÞJÓNUSTA

### Sölufulltrúi

Útgáfufyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir sölufulltrúa í fullt starf

Um er að ræða sölu- og kynningastarf

Fyrirtækið gefur út fjöldann allan af ýmis konar ritum tengdum ferðaþjónustu, sjá heimasíðuna [www.sagaz.is](http://www.sagaz.is) Krefjandi starf í skemmtilegu umhverfi.

Reynsla af sölu og kynningarmálum æskileg en ekki skilyrði. Árangurstengd laun.

Umsóknir skulu sendar á netfangið [umsokn@sagaz.is](mailto:umsokn@sagaz.is)



## Gler og lásar – Neyðarlokanir ehf óska eftir að ráða starfskraft á skrifstofu í 50% starf.

### Starfssvið:

Öll almenn bókhaldsvinna, ásamt reikningagerð, launaútreikningum og tollskjalagerð.

### Hæfniskröfur:

Starfsreynsla er áskilin ásamt góðri tölvukunnáttu og þekkingu á DK bókhaldskerfi. Gerð er krafa um vönduð vinnubrögð, sjálfstæði og frumkvæði í starfi.

Gerð er krafa um að starfskraftur sé reyklaus. Nánari upplýsingar veitir Ólafur Már í síma 5106666. Umsóknarfrestur er til 30. nóv. Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og um-sagnaraðila sendast á netfangið [olafur@lyklar.is](mailto:olafur@lyklar.is) merkt „Skrifstofa“



**Neyðarþjónustan**

[www.lyklar.is](http://www.lyklar.is) • [glr@lyklar.is](mailto:glr@lyklar.is)

## ERUM VIÐ AÐ LEITA AÐ ÞÉR?

Teris leitar að starfsfólki með eldmóð, þekkingu, hæfni og áhuga á að taka þátt í áframhaldandi uppbyggingu fyrirtækisins.

Ert þú netsérfræðingur eða kerfisstjóri í leit að nýjum ævintýrum? Hjá Teris færðu tækifæri til að takast á við spennandi verkefni í upplýsingatækni auk þess að taka þátt í uppbyggingu eins framsæknasta upplýsingatækniyrirtækis landsins á sviði fjármálatengdra lausna.

### \* NETSÉRFRÆÐINGUR

Við leitum að netsérfræðingi með mikla þjónustulund og þekkingu á Cisco netbúnaði, svissum, routerum og eldveggjum.

Æskileg menntun en ekki skilyrði:

- \* Cisco CCNP/CCIP gráður
- \* BS í tölvunar- eða kerfisfræði

### \* KERFISSTJÓRI

Við leitum að kerfisstjóra með mikla þjónustulund, góða þekkingu á tölvukerfum og reynslu af eftirtöldu: Active Directory, Windows server, Exchange, System management, Linux, Scripting, VMWare, SAN, MS SQL.

Æskileg menntun en ekki skilyrði:

- \* MCSE/MCSA gráður
- \* BS í tölvunar- eða kerfisfræði

ERUM VIÐ AÐ LEITA AÐ ÞÉR? EF SVO ER, ER EKKI EFTIR NEINU AÐ BÍÐA – LÁTTU HEYRA FRÁ ÞÉR!  
Umsóknarfrestur er til 26. nóvember n.k. Umsóknir óskast sendar á [hanna.maria.jonsdottir@teris.is](mailto:hanna.maria.jonsdottir@teris.is)



## Grunnskólakennarar LAUS KENRARSTAÐA Á ÞÓRSHÖFN

Vegna fæðingarorlofs vantar okkur umsjónarkennara í 3. og 4. bekk frá 1. janúar 2011. Umsóknarfrestur er til föstudagsins 3. desember.

Grunnskólinn á Þórshöfn er einsetinn skóli með um 80 nemendum í hæfilega stórum bekkjardeildum.

Á Þórshöfn búa um 400 manns í sérlega fjölskylduvænu umhverfi. Gott og ódyrt íbúðarhúsnæði er til staðar. Á staðnum er öll almenn þjónusta, góður leikskóli og glæsileg íþróttamiðstöð ásamt sundlaug með aðstöðu fyrir alla aldurshópa. Fjölbreyttir útivistarmöguleikar eru til staðar í ósnortinni náttúru. Samgöngur eru góðar, m.a. er flug fimm daga vikunnar til Reykjavíkur um Akureyri.

Nánari upplýsingar veitir Arnfríður Aðalsteinsdóttir, skólastjóri í sínum 468 1164 og 899 3480, [skolastjori@langanesbyggd.is](mailto:skolastjori@langanesbyggd.is)



## IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

## STARF VIÐ VEF- OG UPPLÝSINGAMÁL

Hjá iðnaðarráðuneytinu er laust til umsóknar tímabundið starf við vef- og upplýsingamál. Ráðuneytið fer með forræði á málum er varða nýsköpun- og þróun, iðnaðarmál, byggðamál, orkumál og ferðamál. Leitað er að metnaðarfullum starfsmanni með góða samskiptahæfni og getu til að takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni. Starfið felur í sér þátttöku við mótun og skipulagningu verkferla við ytri og innri upplýsingamiðlun ráðuneytisins, vinnslu og miðlun fréttu og upplýsinga til birtingar á vef og í skýrsluformi. Jafnframt felst starfið í þátttöku í einstökum átaks- og stefnumótunarverkefnum ráðuneytisins og stofnana þess.

## Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Starfsreynsla af fjölmiðlum eða upplýsingar- og kynningarmálum.

## Starfið krefst:

- Sjálfstæðis í vinnubrögðum og skipulagshæfni.
- Ritfærni og góðrar tölvukunnáttu.
- Færni í notkun samfélagsmiðla.
- Lipurðar og færni í mannlegum samskiptum.
- Góðrar íslensku- og enskukunnáttu.

Um er að ræða fullt starf sem þó er tímabundið til 1. júlí 2011. Launakjör verða samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins og fjármálaráðherra. Nauðsynlegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Karlar, jafnt sem konur, eru hvattir til að sækja um starfið.

Nánari upplýsingar veitir Kristján Skarphéðinsson, ráðuneytisstjóri, í síma 545 8500.

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf skulu berast iðnaðarráðuneytinu, Arnarhvoli, 150 Reykjavík, eða í tölvupósti á póstfangið postur@idn.stjr.is eigi síðar en 25. nóvember nk. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.



ÍSLANDSSJÓÐIR

## Sérfræðingur

Íslandssjóðir hf. er sérhæft eignastýringarfyrtæki, með starfsleyfi sem rekstrarfélag verðbréfasjóða og fjárfestingasjóða. Íslandssjóðir sjá um stýringu safna fyrir lífeyrissjóði, fagfjárfesta og einstaklinga. Vegna aukinna verkefna vantar okkur öflugan liðsmann í hóp samhentra sérfræðinga.

## Helstu verkefni:

- Eftirlit með fjárfestingastefnu safna
- Rekstur og ábyrgð greiningarvefs
- Þátttaka í uppbyggingu áhættustýringarsviðs
- Gæðaeftirlit
- Önnur verkefni eftir nánara samkomulagi

## Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun í tölvunarfræði, verkfræði eða annað sem nýtist í starfi
- Próf í verðbréfavíðskiptum æskilegt
- Reynsla af forritun
- Starfsreynsla tengd áhættustýringu og fjárfestingum æskileg
- Gott vald á íslensku og ensku í töluðu og rituðu máli
- Jákvæðni, þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar veitir Agla Elísabet Hendriksdóttir, framkvæmdastjóri Íslandssjóða, sími 440 4917, netfang: agla@islandssjodir.is.

Umsóknir óskast fylltar út á [www.islandsbanki.is](http://www.islandsbanki.is) og sendar ásamt ítarlegri ferilskrá fyrir 28. nóvember næstkomandi. Tengiliður á mannauðssviði er Sigrún Ólafsdóttir, sími 440 4172, netfang: sigrun.olafs@islandsbanki.is.

Íslandssjóðir hf. er fjármálafyrirtæki í eigu Íslandsbanka hf.



## Framkvæmdastjóri Fulbright stofnunarinnar

Fulbright stofnunin á Íslandi var stofnsett árið 1957 með samningi milli ríkisstjórna Íslands og Bandaríkjanna og starfar með fjárveitingum beggja samningsaðila. Starfsemi stofnunarinnar felst í því að efla samskipti Íslands og Bandaríkjanna á sviði mennta og rannsókna. Í stjórn stofnunarinnar sitja fimm Íslendingar og fimm Bandaríkjamenn, sem eru skipaðir af menntamálaráðherra og sendiherra Bandaríkjanna. Nánari upplýsingar um stofnunina má finna á heimasíðu hennar [www.fulbright.is](http://www.fulbright.is)

**Stjórn Fulbright stofnunarinnar óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra. Leitað er að einstaklingi með góða þekkingu og innsýn í bandarískt menntakerfi.**

## Helstu verkefni:

- Stjórnun á almennri starfsemi stofnunarinnar
- Umsjón með styrkjum og málefnum styrkþega, bæði bandarískra og íslenskra
- Samskipti við aðila á sviði menntunar og rannsókna, háskólastofnana á Íslandi og í Bandaríkjunum
- Samvinna með stjórn Fulbright stofnunarinnar
- Samvinna með Félagi Fulbright styrkþega á Íslandi
- Samskipti við bandaríska samstarfsaðila
- Fjárhagsáætlun, bókhald og skýrslugerð til íslenskra og bandarískra samstarfsaðila
- Almennatengsl og kynningarstarf allrar starfseminnar
- Yfirumsjón með námsráðgjöf stofnunarinnar

## Hæfnis- og menntunarkröfur:

- Háskólapróf frá bandarískum háskóla sem nýtist í starfi
- Lágmark þriggja ára reynsla af verkefnastýringu
- Mjög gott vald á íslensku og ensku
- Góð almenn tölvukunnáttu
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og frumkvæði
- Góð framkoma, samskiptahæfni og þjónustulund eru skilyrði
- Almenn bókhaldskunnáttu er æskileg
- Reynsla á sviði fjölmiðla er æskileg

intellecta

Síðumúla 5 108 Reykjavík  
Sími 511 1225 Fax 511 1126  
[intellecta@intellecta.is](mailto:intellecta@intellecta.is)  
[www.intellecta.is](http://www.intellecta.is)

Umsóknarfrestur er til og með 5. desember n.k. Nánari upplýsingar um starfið veita Þórður S. Óskarsson ([thordur@intellecta.is](mailto:thordur@intellecta.is)) og Ari Eyberg ([ari@intellecta.is](mailto:ari@intellecta.is)) **Allar umsóknir og fyrirspurnir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál og þeim svarað.** Umsóknir óskast fylltar út á [www.intellecta.is](http://www.intellecta.is)



# STARFATORG.IS

Laus störf hjá ríkinu

Starfatorg.is er upplýsingavefur um laus störf hjá ríkinu. Þar er einnig að finna ýmsar upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna. Nú eru laus til umsóknar eftirfarandi störf:

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
<b>Nýtt</b>			
Lögfræðingur	Sjávarútvegs- og landbúnaðarr.	Reykjavík	201011/045
Læknar í starfsnámi	LSH, aðstoðarlækn. lyflækninga	Reykjavík	201011/044
Birgðavörður	LSH, birgðastöð	Reykjavík	201011/043
Félagsráðgjafar	LSH, félagsráðgjöf	Reykjavík	201011/042
Framhaldsskólakennarar	Menntaskólinn við Hamrahlíð	Reykjavík	201011/041
Dósent í líflyfjafraeði	HÍ, heilbrigðisvísindasvið	Reykjavík	201011/040
Ritari	Persónuvernd	Reykjavík	201011/039
Veðieftirlitsmaður	Fiskistofa	Stykkishólmur	201011/038
Proskapjálfar	Sv.skrifst. mál. fatl. á Reykjanesi	Kópavogur	201011/037
Proskapjálfar	Sv.skrifst. mál. fatl. á Reykjanesi	Kópavogur	201011/036
Starfsfólk	Sv.skrifst. mál. fatl. á Reykjanesi	Kópavogur	201011/035
Sérfr. í skjala- og gagnamálum	Náttúrufræðistofnun Íslands	Garðabær	201011/034

Upplýsingar um áður auglýst störf er að finna á [Starfatorg.is](http://Starfatorg.is)

Á Starfatorg.is má finna ítarlegri umfjöllun um framangreind störf ásamt upplýsingum um tengiliði. Þeir sem ekki hafa vefaðgang geta snúið sér til viðkomandi stofnunar varðandi frekari upplýsingar. ~ Fjármálaráðuneytið hefur umsjón með Starfatorg.is ~

[Starfatorg.is](http://Starfatorg.is)

Andersen & Lauth  
Reykjavík  
established 1989

Við erum að leita að duglegum einstaklingum í fullt starf eða hlutastarf í verslunum okkar. Umsókn og ferilskrá sendist á [maiaehf@gmail.com](mailto:maiaehf@gmail.com)



## Jobbia leitar eftir faglærðum húsasmiðum til Noregs.

Jobbia leitar eftir faglærðum húsasmiðum á eftirfarandi stöðum í Noregi;

Álesund og nágrenni, Bergen og nágrenni & Osló og nágrenni.

Við bjóðum:

Góð laun og góð vinnuskilyrði. Öruggan vinnustað í rótgrónum fyrirtækjum. Aðstoð með flutning til Noregs.

Hæfniskröfur:

- Réttindi sem húsasmiður/trésmiður.
- Góða reynslu innan fagsins.
- Geta starfað sjálfstætt og í hópi.
- Vandvirkni og samviskusemi áskilin.
- Ökuskírteini.
- Geta talað og skilið norsku, dönsku eða sænsku.

Ferilskrá og afrit af prófskírteini sendist til [obs@jobbia.no](mailto:obs@jobbia.no) Frekari upplýsingar í síma +4791665660.

Jobbia er áreiðanlegt norskt ráðningarfyrirtæki sem leggur áherslu á fagmennsku, gæði og hreinskilni.



ÍÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

## LÖGFRÆÐINGUR

Hjá iðnaðarráðuneytinu er laust til umsóknar starf lögfræðings. Ráðuneytið fer með forræði á málum er varða nýsköpun- og þróun, iðnaðarmál, byggðamál, orkumál og ferðamál.

Leitað er að metnaðarfullum lögfræðingi með góða samskiptahæfni og getu til að takast á við krefjandi og áhugaverð verkefni. Um er að ræða fjölbreytt starf sem m.a. felur í sér erlent samstarf og verkefni sem tengjast innleiðingu gerða er heyra undir EES samninginn.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Embættis- eða meistaraþróf í lögfræði.

Starfið krefst:

- Færni og lipurðar í mannlegum samskiptum.
- Góðrar íslensku- og enskukunnáttu og færni í að tjá sig í ræðu og riti.
- Frumkvæðis, sjálfstæðis í vinnubrögðum og skipulagshæfni.

Um er að ræða fullt starf og eru launakjör samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins og fjármálaráðherra. Nauðsynlegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Karlar, jafnt sem konur, eru hvattir til að sækja um starfið. Nánari upplýsingar veitir Kristján Skarphéðinsson, ráðuneytisstjóri, í síma 545 8500.

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf skulu berast iðnaðarráðuneytinu, Arnarhvoli, 150 Reykjavík, eða í tölvupósti á pósthöfn postur@idn.stjr.is eigi síðar en 1. desember nk.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

### » Ráðningarþjónusta

# Leitar þú að starfsmanni?

HH Ráðgjöf hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

» Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

#### ■ Vinnusparnaður

Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.

#### ■ Markviss leit

Sérskrifáður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.

#### ■ Þriggja mánaða ábyrgð

Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.

#### ■ Ekkert staðfestingargjald

